

Fjöldmenni er ekki trygging fyrir hagsæld þjóða.

## Heimskra manna ráð?

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Á sínum tíma þurftu Íslendingar að heyja baráttu til að tryggja að íslensk tunga yrði stjórnsýslu- og verslunarmál. Við þurftum að berjast fyrir því að hér ríkti virðing fyrir íslenskri þjóðmenningu og íslenskum aðstæðum. En Íslendingar hafa alltaf verið fúsir til að leita aðstoðar, ráðgjafar og þekkingar erlendis. Námsfólk hefur leitað í miklum mæli til útlanda. Og hér eru jafnan margir erlendir ráðgjafar og sérfræðingar.

Íslendingum finnst ekki mótsetning eða andstæða í þessu. Við viljum standa á eigin fótum og virða móðurmálið, en hins vegar höfum við metnað til að sækja okkur þekkingu og ráð þar sem best verður á kosið erlendis sem hérlandis.

Nýlega sagði erlendir sérfræðingur í hagfræði, sem hlotið hefur vegtyllur hér, að Íslendingar gætu varla séð fótum sínum forráð vegna fámennis, einhæfis atvinnuvega, fjarlægða, kunningjavalds og skorts á sérfræðiþekkingu. Ummæli þessa sérfræðings minntu mjög á sjónarmið dönsku stjórnarinnar fyrir tvö hundruð árum. Hér er reynt að beita áhrifastöðu sem vopni gegn þrótti og metnaði þjóðarinnar. Slíkt er vindhögg og Íslendingar munu ekki hlaupa eftir þessum goluþyt.

Lýsingin á íslenskum aðstæðum sem hér var rakin minnr þvert á móti á stöðu mála meðal milljónaþjóða þar sem fámennir forystuhópar sitja að öllum valdastöðum í krafti auðs og háskólagöngu. Meðal þeirra þjóða eru dæmin líka kraemd um spillingu, hyglun og kostnaðarsöm mistök af slíkum sökum.

Smáþjóðir eins og Íslendingar hafa líka við sína drauga að fást. En öll reynsla Íslendinga, Færeyinga, Sama, Grænlandinga, Maltverja, Lúxembúrgara, Baska, Katalóna, Sikileyinga, Kórsíkumanna, Azoreyinga, Slóvena, Albana, Eista, Letta, Skota, Bretóna og margra fleiri smáþjóða hnígur eindregið í þá átt að fjöldi og atgervi fari ekki saman með þeim hætti að fámenn samfélög standi höllum fæti að þeim sökum. Allar þessar þjóðir hafa fengið að kynast yfirdrottunarhög stórþjóðanna. Allar hafa þær fengið að kynast drambinu í sumum erlendum sérfræðiráðgjöfum.

Smáþjóðir sækjast eftir þátttöku í Evrópusambandinu, ekki til að samlagast eða hverfa inn í stærri heild, heldur til að eflast og finna metnað sínum verðugt viðfang. Reynsla þeirra í Evrópusambandinu hefur staðfest þetta.

Nú þarf að örva og efla Íslendinga og auka þeim metnað og þrótt. Það þarf að tala kjark í þjóðina. Það þarf að efla íslenskan þjóðarmetnað og íslenskt þjóðarstolt. Íslendingar vita eins og aðrar smáþjóðir að þróttur, metnaður og árangur vinnast innan að, og að fullveldi og sjálfstæði eru sívirk uppspretta kraftaverka. Einmitt þannig eflumst við til samstarfs við aðra.

Smáþjóðirnar vita fullvel að ofríðarsaga stórþjóðanna staðfestir orð Ólafs pá, að því verr muni duga heimskra manna ráð er þau koma fleiri saman. Að undanförunu hafa ýmsir hagfræðingar, erlendir sem íslenskir, ekki bætt við virðingu eða traust á menntun sinni. Guði sé lof að orð Ólafs pá eiga ekki við um þá alla líka.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinnur Stefánsson steinnur@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsþvöngum. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Getum bætt við nemendum á læknaritaraubraut, lyfjatæknaubraut og í nám í lyfjatækni með starfi

Enn eru laus pláss í fjarnám á læknaritaraubraut og í dagskóla á lyfjatæknaubraut Fjölbrotaskólans við Ármúla. Einnig eru laus pláss í lyfjatæknanám með starfi þar sem kennsla fer fram síðdegis þrjá daga vikunnar.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans [www.fais.is](http://www.fais.is) og hjá kennslustjórnum námsbrautanna: Bryndís Þóra Þorsdóttir kennslustjóri lyfjatæknaubrautar, netfang: [binna@fais.is](mailto:binna@fais.is) og Guðrún Narfadóttir kennslustjóri læknaritaraubrautar, netfang: [gnarfa@fais.is](mailto:gnarfa@fais.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ofvirkt upplýsingastreymi

Síðustu vikur hafa verið í meira lagi viðburðaríkar hjá Borgarahreyfingunni, og nýliðin helgi var engin undantekning. Gárungar veraldarvefsins hafa ekki setið auðum höndum heldur keppt hver um annan við að henda gaman að innan- og utanhústeilum hins unga stjórnmaláafls. Til að mynda hefur gengið milli manna í tölvupósti skýringarmynd, þar sem nýkjörnum þingmönnum er kennt að forðast í lengstu lög „reply all“ hnappinn í skeytum sínum, og þar vísað til ógæfu Bjarna Harðarsonar og Margrétar Tryggva-

dóttur í tölvusamskiptum. Einhverjir hafa líka bent á að sú lenka að senda persónuleg bréf á fjölda manns hljóti að vera liður í viðleitni Borgarahreyfingarinnar til að „efla upplýsingastreymið“ og efna þannig eitt af helstu kosningaloförðum hreyfingarinnar.

#### Liggur í augum úti

Lítið hefur heyrst frá Lýðræðis-hreyfingu Ástþórs Magnússonar undanfarið. Í gær rauf Ástþór þó þögnina, í það minnsta á bloggi sínu, og birti þar nýtt bréf til Páls Magnússonar útvarpsstjóra. Eins og

kunnugt er sakaði Ástþór Ríkisútvarpið um það í kringum kosningar að hefta lýðræðislega umræðu, og halda hreyfingu hans úti í kuldanum. Í gær ítrekaði hann kröfur sínar um að Silfri Egils verði vikið úr dagskrá Ríkisútvarpsins. Ástæða ítrekunarinnar var sú að Egill Helgason upplýsti á Bylgjunni í gærmorgun að hann hefði kosið Borgarahreyfinguna í kosningum í vor. Þar telur Ástþór vera komna líklegustu skýringuna á því „hvers vegna Lýðræðishreyfingin var útilokuð frá þættinum“ í aðdraganda kosninga.

[kjartan@frettabladid.is](mailto:kjartan@frettabladid.is)  
[thorunn@frettabladid.is](mailto:thorunn@frettabladid.is)

## Síðfræði Icesave-málsins

Icesave-málið er síðferðilegt. Ekki síður en efnahagslegt og lagalegt. Skoðum nokkur efnisatriði.

Stjórnendur Landsbankans reyndu að forða honum frá þroti með söfnun sparifjár á netinu frá almenningi í Bretlandi og Hollandi, eftir að fjármálamarkaðir lokuðust bankanum að öðru leyti. Hvers vegna er þessi iðja Íslandi viðkomandi?

Bankinn var íslenskur, með íslenskt starfsleyfi og bar nafn landsins. Bankinn var undir eftirliti íslenskra yfirvalda. Íslenskur tryggingasjóður átti að tryggja innstæðurnar að tilgreindu lágmarki. Íslenskt stjórnvöld hafa ítrekað staðfest slíka ábyrgð. Með þessu veðsettu bankamennirnir íslensku þjóðina alla án þess að láta vita eða spyrrja leyfis.

Samt segja sumir nú að íslenska þjóðin beri ekki ábyrgð á þessari skuld. Hvað þýðir það? Jú, með því er fullt að íslenskur banki hafi mátt raka að sér erlendu sparifé, undir fölsku flaggi. Innstæðutryggingakerfið íslenska hafi verið „í plati“ gagnvart útlendingum en í fullu gildi fyrir Íslendinga, sem hafa nú þegar fengið innstæður sínar bættar. Forsendan er sú, að Landsbankinn hafi mátt ræna almenning í Bretlandi og Hollandi að vild, ef allt færi á versta veg.

Davíð Oddsson fulltrúi þannig nýlega að Íslendingum bæri ekki að greiða þetta. Málið er honum skyldara en öðrum. Hann handvaldi Björgólfs-feðga til að kaupa bankann þó þeir væru ekki með hæsta tilboðið. Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og náninn samstarfsmaður Davíðs, Kjartan Gunnarsson, var varaformaður bankaráðsins þegar Icesave-reiðingarnir voru innleiddir og allt til hrunsins.

Davíð átti svo sjálfur að vernda fjárhagslegan stöðugleika



STEFÁN ÓLAFSSON

Í DAG | Icesave-málið

þjóðarbúsins eftir að hann gerðist seðlabankastjóri, þar á meðal átti hann að vernda okkur gegn áhættunni af Icesave-útrásinni. Þar brást hann algerlega. Flokkur hans fór með aðalstjórn efnahags- og fjármála allan tímann og hélt um alla þræði. Icesave-málið er því sem næst einkamálið Sjálfstæðisflokksins.

Svo segja menn að ábyrgð okkar hefði átt að útkljá fyrir dómstólum. Þar hefði málflytningur okkar þurft að vera sá, að innstæðutryggingakerfið á Íslandi hefði aðeins verið fyrir íslenska viðskiptavinum Landsbankans en ekki þá erlendu. Halda menn að nokkur dómstóll hefði dæmt Íslandi í vil í slíku máli? Varla. Líklegra er að slík framgangna hefði opinberað okkur sem ræningjaþjóð.

Loks segja sumir að forsætisráðherra eigi að taka málið beint upp við leiðtoga Bretlands og Hollands. Biðja eigi griða því þjóðin ráði ekki við ábyrgðina (þó útreikningar sýni annað). Utlandingarnir vita betur. Þeir munu réttilega segja: Íslendingar lifðu um efni fram á annarra þjóða fé og nú er komið að skuldadögum. Lífskjör Íslendinga verða um margt betri en lífskjör Breta þrátt fyrir þessar auknu byrðar.

Mér sýnist af öllum gögnum málsins og vel rökstuddum greinum Steingríms J. Sigfússonar og Indriða H. Þorlákssonar og fleiri að niðurstaðan sé skýr.

Hártoganir um langsótta laga-klæki eða kvein um að við ráðum ekki við þetta koma okkur hvorki lönd né strönd. Það er því ekki víðeigandi að betla né hlaupa frá málinu. Í öllu falli er slíkt ekki tímabært. Við þurfum nú að sýna heiminum að við erum heiðarleg þjóð sem vill standa við skuldbindingar sínar.

Þeir sem vilja fella samninginn þjóða heldur ekki upp á neina vit-ræna lausn. Fullyrða einungis að hægt sé að fá betri samning, án þess að neitt bendi til þess. Þó var fyrri ríkisstjórn komin áleiðis með verri samning síðast-liðið haust. Markmið stjórnarandstöðunnar er aðeins að skapa ríkisstjórninni erfiðleika og fella hana.

Það er tímabært fyrir þjóðina að komast á lappir aftur og nú eins og síðað fólk. Föfnarlömb Icesave-útrásarinnar hafa boðist til að lána okkur fyrir skuldinni, að mörgu leyti í viðunandi kjörum. Endurskoðun er möguleg síðar, meðal annars með eðlilegum fyrirvörum Alþingis.

Verkefnið við síðferðilega endurreisn Íslands er ekki síður viðamikili en þjörgun þjóðarinnar úr rústum „fjármálamiðstöðvarinnar“, sem hönnuð var á grundvelli róttækra frjáls-hyggju í Sjálfstæðisflokki. Grippeildarsíðferðið sem af því spratt þarf að kveða niður.

Frágangur Icesave-málsins sýnist um að byggja á ný traust á Íslendingum. Það er gæfa við þessar erfiðu aðstæður að hafa fólk í forystu ríkisstjórnarinnar sem allir vita að er heiðarlegt og vinnur vel. Vonandi standa flokksmenn þeirra beggja við bakið á þeim alla leið.

Þeir sem bera hina eiginlegu sök á því hvernig komið er fyrir þjóðinni eiga hins vegar enn eftir að biðjast afsökunar, svo ekki sé meira sagt.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.

## Rétt niðurstaða er sú sem þjóðin nær sátt um

### UMRÆÐAN

Hjörtur Hjartarson skrifar um Icesave

Eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar fyrr og síðar,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um Icesave-samningana. Steingrímur J. Sigfússon sagði þau vera að ráða fram úr „mesta óláni Íslandssögunnar“. Fólk allra flokka lýsti ábúðarfullt yfir hve mikilvægt væri að „FLOKKARNIR næðu sátt um málið“. Ekki var minnst einu orði á þann sem á að borga brúsann og búa við „sátt“ flokkanna, nefnilega almenning í landinu. Hann er einskis spurður. Almenningsur skal – að rötgróinni venju – bljúgur lúta niðurstöðu þeirra



HJÖRTUR HJARTARSON

sem stýrt hafa landinu svo „gæfulega“ undangengin ár. Rétt er að halda til haga í því sambandi að stjórnarandstaða gegnir hlutverki í ríkjum sem kenna sig við lýðræði.

Í stuttu máli: Mikilvægast er að almenningur ná sátt um niðurstöðu í Icesave-krísunni. Sáttin næst með því að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða sem sátt er um er rétt niðurstaða. Niðurstaða sem magnað ósætti ríkir um er röng. Almenningsur á stjórnarskrárþinginn rétt til að gera út um málið. Þann rétt má heimta á vef-síðunni [www.kjosa.is](http://www.kjosa.is). Gerum það.

Höfundur er talsmaður „Í okkar hendur“ á [www.kjosa.is](http://www.kjosa.is).